

Reykjavík, 15. mars 1967.

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna,
Klapparstíg 29,
Reykjavík.

Efni: Umsókn um leigu lands úr Vífilsstaðalandi undir
golfvölli.

Visum til samtals við framkvæmdastjóra yðar, hr. Georg
Lúðvíksson, hinn 25. febr. s.l. um greint efni.

Eins og fram kom í ofangreindu samtali, var hinn 18.
febrúar s.l. stofnaður golfklúbbur, sem nær yfir svæðið
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garða- og Bessastaðahreppur.
Að stofnandi pennan dag voru 60 manns mættir, sem allir
skráðu sig sem stofnfélaga. Síðan hafa u.p.b. jafnmargir
menn haft samband við stjórnina og viljað skrá sig sem félaga
í klúbbinn. Þegar stjórnarkosning hafði farið fram, var
fundur frestaður, en stjórninni falið að fá land undir starf-
semi félagsins. Eins og yður mun væntanlega kunnugt, þarf
golfvöllur að vera á nokkuð stóru og ræktuðu landi, en
mjög lítið er um slík landssvæði í nágrenni framangreindra
sveitarfélaga og auk þess mun á flestum þeim fyrirkugaðar
byggingar. Við höfum frétt á skotspónum, að þér hugsið
yður að leggja niður búskap á Vífilsstöðum og því er það
von okkar, að hagsmunir yðar og félags okkar falli saman
að einhverju eða öllu leyti.

Því snúum við okkur nú til yðar með formleg tilmæli um
að fá á leigu land úr Vífilsstaðalandi undir starfssemi
félags okkar. Meðfylgjandi bréfi þessu eru frumdrög að
tillögu um það hvaða land væri hentugt í þessu sambandi.

Til skýringar á meðfylgjandi uppdrætti má geta þess, að
hann er gerður af Júliusí Sólnes, verkfr., sem mun vera
einna kunnugastur golfvallargerð hérlandis. Uppdráttur
þessi er meira gerður í þeim yilgangi að sýna, hvernig
golfvöllur gæti lítið út á þessu svæði, heldur en hér sé
um eina möguleikanna að ræða. Verkfræðingurinn teiknar
þarna 9 holu völl, en í því tilfelli, að þér vilduð láta

okkur í té meira land, mun sennilega vera hægt að koma þarna fyrir 18 holu velli, sem er full stærð. Að öðru leyti er rétt að taka það fram, að ef annað skipulag, en uppdrátturinn sýnir, væri hentugra fyrir yður, er ekkert því til fyrirstöðu að ræða hvern þann möguleika sem yður lýst. Eins er vert að geta þess að lokum, varðandi greindan uppdrátt, að nauðsynlegt verður, vegna tilbreytingaleysis í landslagi að planta miklum trjágróðri í þeim tilgangi að mynda fjölbreytni á vallarsvæðinu. Við væntum þess, ef til kemur, að þér hafið ekki á móti slíkri ræktun.

Við sjáum ekki ástæðu til þess, að svo stöddu, að ræða mál þetta frekar í bréfi þessu, en ítrekum framangreinda málaumleitun.

Væntum svars yðar við fyrst hentugleika.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar golfklúbbsins Keilis

Jónas A. Aðalsteinsson,
Klaðparstíg 26, Reykjavík.